

## Snorri Baldursson

Skriðuvellir 15, 880 Kirkjubæjarklaustri  
Ásvallagata 19, 101 Reykjavík

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 11.02.15

b.t. Avinnuveganefndar  
og Umhverfisnefndar

### **EFNI: Athugasemdir við þingsályktunartillögu um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína, 321. mál á 144. löggjafarþingi 2014-2015, þingskjal 392.**

Athygli mín á þessu þingmáli er nývakin og þessvegna berst umsögn seint.

Athugasemdir mínar eru eftirfarandi:

1. Fagna ber því að stjórnvöld móti stefnu um lagningu raflína. Til að eiga rétt á sér þarf sú stefna þó að vera raunverulegt framfaraskref með tilliti til umhverfisverndar. Því vekur það undrun að þingsályktunin virðist ganga umtalsvert skemmra en samkomulag varð um í nefnd um mótun stefnu um lagningu raflína í jörð (*Jarðstrengjanefnd*, skipuð á grunni þingsályktunar frá 2012). Megin tilgangur þeirrar vinnu var þó að auka hlutdeild jarðlína miðað við loftlínur í dreifi- og flutningskerfi raforku.

*Sé þetta rétt mat er verr af stað farið en heima setið og líklega best að falla frá tillögunni í heild sinni.*

2. Gerð er athugasemd við fyrstu setningu í lið 1.3 „...skal meginreglan vera sú að notast sé við loftlínur nema....“

*Í langflestum tilvikum er jarðstrengur mun umhverfis- og samfélagsvænni lausn en loftlína. Þess vegna ber að snúa þessu við og gera loftlínur að undantekningum.*

3. Gerð er alvarleg athugasemd við viðmið í köflum 1.2 og 1.3 um að kostnaðarmunur jarðlínu og loftlínu megi ekki vera meiri en 1,5 sinnum núvirtur stofn- og rekstrarkostnaður.

*Í fyrsta lagi er þetta alltof lágt viðmið þegar aðeins er miðað við stofn- og rekstrarkostnað, sbr. mat sem fram kemur í greinargerð. Í öðru lagi er ótækt að miða einungis við stofn- og rekstrarkostnað en ekki raunkostnað eftir að fórnarkostnaður vegna umhverfissjónarmiða, sjónarmiða ferðaþjónustu o.fl., er tekinn inn í dæmið. Færa má rök fyrir því að fórnarkostnaður vegna t.d. Sprengisandslínu sé margfaldur á við stofn- og rekstrarkostnað, hvort sem miðað er við náttúruverndarrök eða hagsmuni ferðaþjónustunnar. Í þriðja lagi er óeðlilegt að flutningsfyrirtækið (Landsnet) meti stofn- og rekstrarkostnað einhliða.*

*Almennt varðandi aukinn kostnað til neytenda vegna jarðstrengja, má benda á að raforkuverð á Íslandi er afar lágt miðað við samanburðarlönd og þolir auðveldlega að tillit sé tekið til umhverfis- og samfélagsjónarmiða – umframkostnaður vegna þeirra skilar sér fljótt til baka.*

4. Gerð er alvarleg athugasemd við upptalningu undantekninga í lið 1.3. Þar virðist valið af handahófi hvaða náttúruverndarsvæði og náttúruvörðunarsvæði séu verðmætari öðrum. Hvernig fór það val fram?

*Skilyrðislaust ber að miða við 37 gr náttúruverndarlaga, einkum lið a. um eldvörp, gervigíga og nútímahraun, og alla 50.gr sömu laga, auk víðerna sem ekki eru talin þar upp. Víðerni miðhálandisins eru þau stærstu í Evrópu utan Svalbarða. Verðmæti þeirra fer sífellt vaxandi. Þess vegna ber að forðast með öllum tiltækum ráðum að skerða þau meira en orðið er.*

**Niðurstaða: Falla þarf frá þingsályktunartillögunni eða umskrifa frá grunni þar sem umhverfis- og samfélagssjónarmið fá verðugan sess. Áður en víðerni, náttúruverndarsvæði og önnur verðmæt náttúruvörðunarsvæði landsins verða skert frekar með línulögnum er lagt til að gerð verði óháð úttekt á verðmætum þessara svæða ósnortnum og það verðmætamat lagt til grundvallar öllum kostnaðarútreikningum.**

Virðingarfyllt



Snorri Baldursson

Líffræðingur, þjóðgarðsvörður  
og áhugamaður um náttúruvernd